



## Fundargerð

1291. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, fjarfundur  
22. október 2020, kl. 08:00

### Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Guðbrandur Einarsson, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Stytting vinnuvikunnar (2019100323)

Kristinn Óskarsson, mannauðsstjóri og Iðunn Kristín Grétarsdóttir, deildarstjóri launadeildar, mættu á fundinn og kynntu verkefnið „Stytting vinnuvikunnar“.

### 2. Fjárhagsáætlun 2021-2024 (2020060158)

Lagt fram bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi frest til að leggja fram og afgreiða fjárhagsáætlunir. Bæjarráð samþykkir að sækja um frest og felur bæjarstjóra að sækja um.

### 3. Ályktun aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (2019120281)

Lagt fram.

### 4. Umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um fjárlög 2021 (2020100206)

Lögð fram umsögn frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Bæjarráð lýsir yfir ánægju með þessa umsögn.

### 5. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 18. desember 2020 (2020010316)

Fjarfundarboð lagt fram.

### 6. Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 5. nóvember 2020 (2020100184)

Fundargerð lögð fram.

### 7. Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags leikskólakennara 24. september 2020 (2020100207)

Fundargerð lögð fram.



## 8. Fundargerð aðalfundar Tjarnargötu 12 ehf. 15. október 2020 (2020100074)

Fundargerð lögð fram.

## 9. Fundargerðir neyðarstjórnar (2020030192)

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/neymarstjorn>

## 10. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2020010375)

a. Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, 14. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0014.html>

b. Frumvarp til laga um stjórnslu jafnréttismála, 15. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0015.html>

c. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um kynrænt sjálfræði (breytt kynskráning), 21. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0021.html>

d. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000 (jöfnun atkvæðavægis), 27. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0027.html>

e. Tillaga til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 85. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0086.html>

Umsagnarmál lögð fram.

## 11. Byggingarnefnd Stapaskóla (2019110200)

Fundargerð verkefnastjórnar lögð fram.

Tillaga lögð fram í Byggingarnefnd Stapaskóla fimmtudaginn 22. október 2020.

*„Byggingarnefnd Stapaskóla samþykkir að ráðist verði nú þegar í frumhönnun á íþróttaaðstöðu við Stapaskóla – áfanga 2. Unnið verði skv. tillögu A sem var að finna í minnisblaði sem lagt var fram í byggingarnefnd 15. október sl. en þar er gert ráð fyrir fullbúnu íþróttahúsi með aðstöðu fyrir áhorfendur og 25 metra sundlaug með heitum pottum.*

*Í minnisblaði er lögð áhersla á að horfa til þessara byggingar sem hjarta hverfisins sem er í hraðri uppbyggingu og miðstöð fyrir breiðan aldurshóp. Þar verði lögð áhersla á að skapa góða aðstöðu til íþróttaiðkunar fyrir unga sem aldna. Tenging verði við almenningsbókasafn og skólann þar sem jákvætt og heilbrigt samfélag blómstrar.*

***Samfara frumhönnun fari fram greining á íbúabróun ásamt kostnaðargreiningu sem svarað verði samhliða.***

Friðjón Einarsson (S), Guðbrandur Einarsson (Y) og Jóhann Friðrik Friðriksson (B) samþykkja tillöguna. Margrét A. Sanders (D) og Baldur Þ. Guðmundsson (D) greiða atkvæði á móti og áheyrnarfulltrúi Margrét Þórarinsdóttir (M) lýsti sig andvíga tillögunni og vísaði jafnframt í bókun minnihlutans frá síðasta bæjarstjórnarfundum 20. október 2020.



**12. Stjórnarfundur Tjarnargötu 12 ehf. (2020050496)**

Pálmar Guðmundsson kom inn á fundinn.

Tekið var fyrir sölutilboð sem barst vegna Njarðarbrautar 20. Bæjarráð frestar málinu.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:45